Stuðningi við mjólkurfræðinga og farmenn hafnað! 3

Arðrændir og kúgaðir allra landa - sameinist!

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

5. - 19. júní 1979 11.tbl — 2oo kr. Sími 28962

SUMARBÚÐIRNAR ERU OPNAR ÖLLUM. ÞÆR ERU ÁKJÓSANLEGUR VETTVANGUR TIL AÐ SAMEINA HOLLA ÚTIVIST, FÉLAGSSKAP OG PÓLITÍSKA UMRÆÐU UM STARF OG STEFNU Í BARÁTTUMÁLUM ALÞÝÐU. Á SUMARBÚÐUM VERKALÝÐSBLAÐSINS HAFA ALLIR MÖGULEKA.

4-5

Ríkisstjórnin ætlar að velta byrðum kreppunnar yfir á alþýðuna 4-5

Samdráttur í skólamálum:

Ekki 200, heldur 500 milljónir!

Ragnar Arnalds, menntamálaráðherra, hélt blaðamannafund á dögunum til að boða samdráttarstefnu sína varðandi skólahald á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Verkalýðsblaðinu var ekki boðið til fundarins, en við fórum á stúfana og komumst að því að ráðgerður sparnaður er um 200 milljónir króna á þessu ári, þe. til næstu áramóta. Síðan verður sú upphæð að öllum líkindum enn hærri síðari hluta næsta skólaárs. Samtals skerðing fyrir skólaárið 1979-1980 verður því 450-500 milljónir króna. Það merkir allt að 20% skerðingu á kennslu, þó mismunandi eftir skólum. Helstu skerðingarákvæðin eru fjölgun í bekkjum, niðurfelling kennslu í fámennum námshópum, minni valgreinakennsla, skert hjálparkennsla, frestun á kauphækkun kennara vegna bókasafnsstarfs, félagsstarfa nemenda og námsleiðsagnar, skert yfirvinna kennara, ódýrari forfallakennsla, fækkun kennslu stunda o.fl.

Verkalýðsblaðið hafði tal af Guðna Jónssyni, starfsmanni Sambands grunnskólakennara um niðurskurðarmálið.

Sjá baksíðu



450-500 milljarða samdráttur í skólahaldi bitnar fyrst og fremst á skólabörnum og kennurum þeirra.

Myndin er frá fundi farmanna í Sigtúni 28.maí s.l. Á fundinum ríkti einhugur um baráttustefnuna og að hunsa hugsanleg bráðabirgðalög ríkisvaldsins.

Verða sett lög á farmenn?

Verkfall yfirmanna á farskipum stendur enn og er lausn á því ekki í sjónmáli. Enn sem komið er hafa "tilboð" skipafélaganna miðað að því einu að fækka í áhöfn skipa og deila sparnaðinum með þeim, sem eftir yrðu. Í síðasta tölublaði af Verkalýðsblaðinu var rakið hvernig lenging vinnutímans þýðir aðeins stóraukið arðrán og vinnuálag. Því er ekki hægt að líta á slíkar hugmyndir, sem raunverulegt tilboð í kjaradeilu.

2

Norskir nasistar á bak við sprengjutilræðið 6

Vináttan við Kína hlýtir reglum * Enn um Kína og EIK (m—l)** 7

Hvað er að ske í Alþýðu bandalaginu? 7

Láglaunastefna í þágu auðvaldsins 3

„Harkaleg viðbrögð útvarpsráðs komu á óvart“ 8

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

BSRB-þingið

31.þing BSRB verður haldið í Reykjavík 11-14. júní n.k. Eitt af stóru málunum á þessu þingi verður án efa undirbúningur komandi samninga í sumar.

STÖNDUM VÖRÐ UM LAUNAKJÖRIN

Mikilvægustu baráttumál opinberra starfsmanna nú eru þau að standa vörð um launakjör sín og að ná fram fullum og óskoruðum samnings- og verkfallsrétti. Það er ljóst að í hönd fer mikil barátta gegn kjararánsaðgerðum ríkisvaldsins. Launakjör vinnandi fólks á að skerða til þess að fleyta auðvaldinu yfir kreppuna. Vinnandi fólk á enga sök á kreppunni, hana á auðvaldið sjálft og ríkisvald þess. Á uppgangstímum leggja atvinnurekendur og ríki út í stórfelldar fjárfestingar til þess að auka enn á gróða sinn, en þegar kreppir að reynir auðvaldið að viðhalda gróða sínum með því að ganga á laun vinnandi fólks. Við þessu er aðeins eitt svar - vægðarlaus barátta sem knýr auðvaldið sjálft til að borga brúsann.

SAMNINGS- OG VERKFALLSRÉTTUR

Réttindi svo sem samnings - og verkfallsrétt hefur vinnandi fólk aldrei keypt, enda ekki hægt að kaupa slíkt af einum eða neinum. Sé vilji ríkisvaldsins ekki fyrir hendi til að samþykkja þennan rétt opinberra starfsmanna, sem og annars launafólks, er ekki um annað að ræða en að taka þennan rétt einhliða og nota hann. Orð Kristjáns Thorlaciusar formanns BSRB á fjöldafundi samtakanna í Háskólabíói haustir 1975 eru í fullu gildi, en þar sagði hann "Við fáum aldrei verkfallsréttinn nema við tökum okkur hann."

ÞING BSRB VERÐUR AÐ MARKA BARÁTTUSTEFNU

Opinverir starfsmenn eiga fulla heimtingu á því að samnings- og verkfallsréttur þeirra verði virtur. Þing BSRB verður að marka þá afstöðu að bandalagið taki sér þessi réttindi einhliða verði ekki á þau fallist af ríkisvaldinu. Í launamálum verður þingið að setja samninganefnd BSRB þá stefnu að ekki komi til neinskonar frysting á launum, en settar verði þegar fram kröfur um verulegar grunnkaupshækkanir og fullar verðbætur. Annað er uppgjafastefna gagnvart ríkisvaldinu og kjararánsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Verkalýðsblaðið hvetur þingfulltrúa til að standa á rétti og hag opinberra starfsmanna og láta barlóm auðvaldsins ekki stýra afstöðu sinni.

Brjótum verkbönn á bak aftur!

Vinnuveitendasambandið keppist nú við að gefa yfirlýsingar um stuðning sinn við kjaramálastefnu stjórnarinnar. Það er ekki nema eðlilegt, því stefna beggja er að halda baráttu verkafólks niðri og skerða kjörin.

Til að verja þessa stefnu hefur VSÍ. þegar sett verkbann á undirmenn á farskipum.

Nýlega hélt VSÍ. félagsfund, til að þjappa hjörðinni saman. Niðurstaða hans var að grípa þurfi til harðari aðgerða. Hverjar aðgerðirnar verða, skýrist á næstu vikum, en þegar þetta er skrifað, dynja yfir lítt dulbúnar hótanir um víðtæk verkbönn, sérstaklega í fiskiðnaði og mögulega einnig á fiskiskipaflotanum.

Íslensk alþýða hefur áður fengið á sig árásir sem þessar. Staðan nú til að verjast þeim er hins vegar verri nú en oft áður, vegna þess að ASÍ-forystan er í reynd sammála stefnu ríkisstjórnar og atvinnurekenda, þ.e. stéttafriði og til-heyrandi kjararáni. Andófið verður því að byggjast að verulegu leyti á frumkvæði verkafólksins sjálfs, á þeim vinnustöðum, sem verða fyrir barðinu á verkbanni. Það þýðir þó ekki að ekki sé reynt til þrautar að ná samstöðu í viðkomandi stéttarfélögum. Á því ættu að vera fullir möguleikar, sérstaklega í minni félögum úti á landi.

Það er hægt að brjóta verkbann á bak aftur. Forsendan er samstaða og hana er hægt að byggja upp. Það sást m.a. af baráttu verkafólks í BÚH., Andófsbaráttunni o.fl. Það er hægt, m.a. með því að neita að virða verkbann og taka upp framleiðslustörf í þeim mæli sem tök eru á. Baráttuformin eru mörg og mikilvægast að fólk ræði, hvað hægt sé að gera á hverjum stað. Ritstjórn Verkalýðsblaðsins fordæmir verkbönn og verkbannshótanir VSÍ og hvetur til harðrar baráttu gegn þeim.

Listar afhentir 7. júní n. k.

Undirskriftasöfnun samstarfshópsins um dagvistarmál er nú lokið. Ekki er alveg ljóst, hversu mörgum undirskriftum tókst að safna, en reiknað er með að þær verði um eða lítið undir 10 þús. Fimmtudaginn 7. júní nk. verður borgarstjórnarfundur að Skúlatúni 2, og hefst hann kl. 5 eh. Er ætlunin að þá verði listarnir afhentir. Fólk er beðið um að hafa gát á frekari auglýsingum hópsins um afhendinguna, og verða við kalli hennar, því að vonast er til að sem flestir verði viðstaddir þessa afhendingu.

Um framtíð dagvistarsamstarfsins er allt óráðið enn. Ljóst er þó, að því er lokið að sinni. Hins vegar eru uppi hugmyndir í hópnum um að koma saman aftur í haust og kanna þá möguleika á að blása til einhverra aðgerða, sem gætu virkað sem framhald baráttunnar og áframhaldandi þrýstingur á stjórnvöld.

Þriðjudaginn 5. júní nk. kl. 5-7 ætlar samstarfshópurinn að standa fyrir blaðamannafundi í Sokkholti. Þar verður lögð fram fréttatilkynning til fjölmiðla, þar sem skýrt verður frá árangri starfsins og hann metinn.

Verða sett lög á farmenn?

framh.af forsíðu

Ef marka má síðustu viðbrögð VSÍ og skipafélaganna er verkfallið farið að íþyngja þeim stórlega. Þann 30. maí var samþykkt á fundi hjá þeim heimild til víðtækra verkbannsaðgerða, sem myndu leiða af sér atvinnuleysi stórra hópa. Sú aðgerð virðist fyrst og fremst eiga að knýja á um að ríkisvaldið setji lög á farmenn.

Yfirmenn á farskipum eru vel meðvitaðir um það að lagasetning vofir yfir þeim. Ríkisstjórnin bíður þess eins, að tækifæri gefist, þ.e.a.s. lög verða sett um leið og ríkisvaldið metur aðstæður þannig að einhver von sé á því að þau verði virt.

Á fjölmennum fundi yfirmanna í Sigtúni 28. maí s.l. var rætt um hættuna á bráðabirgðalögum. Þar var samþykkt harðorð yfirlýsing, með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Þar var skorað á útgerðir kaupskipa að ganga þegar í stað til samningaviðræðna í stað þess að bíða eftir hæpinni lagasetningu til lausnar deilunni. Því var ennfremur lýst yfir að yfirmenn muni hafa að engu lagaboð til lausnar þessum vanda.

Já,baráttuvilji farmanna er mikill, um það blandast engum hugur. VSÍ hefur haldið þeim í verkfalli hátt á annan mánuð og samt er engan bilbug á þeim að finna. Samstaða farmanna og baráttuvilji er lýsandi fordæmi fyrir annað launafólk. Farmenn hafa rekið sig á það að ríkisstjórnin, sem kennir sig við vinnandi stéttir stendur einhuga að baki VSÍ í hótunaraðgerðum þess. Frá henni geta farmenn ekki vænst neins stuðnings. En samstaða og stuðningur annars launafólks er þeim nauðsynlegur. S.H. einokunarhringurinn hefur þegar reynt að minnka áhrif verkfalls þeirra með því að taka tvö skip á leigu erlendis. Þegar þetta er ritað hefur annað skipið þegar lestað fisk á Bandaríkjamarkað en hitt skipið er á leiðinni. Skipafélagið Bifröst hefur einnig tekið skip á leigu erlendis en það á að flytja vörur til landsins. Af þessu er ljóst að atvinnurekendur ætla sér að svelta yfirmenn til uppgjafar. "Lagalega" séð geta farmenn ekki stöðvað slíkar ferðir. Þeir geta neitað að hreyfa skip sín og komið þannig í veg fyrir upp- og útskipun t.d. í Reykjavíkurhöfn. Ef farmenn eiga hins vegar að geta stöðvað þessar ferðir þá verða þeir að treysta á aðstoð hafnarverkamanna og svo verkalýðsfélaga úti á landi. Fyrra leiguskipi SH var stefnt til Neskaupstaðar og er það engin tilviljun. Sölumiðstöðinni var í mun að skipið yrði lestað án þess að nokkur hætta væri á uppsteyt á staðnum. Og hvar eru minni líkur á slíku í dag en einmitt þar, í höfuðvígi Alþýðubandalagsins?

„Harkaleg viðbrögð útvarpsráðs komu á óvart“

framh. af baksíðu

og sjónvarpi. Fyrra útvarpsráð gaf þá stefnuyfirlýsingu í fyrra, að tekin væru upp fyrir sjónvarp á ári hverju a.m.k. 8 leikverk, samt. 8 klst. Þessi yfirlýsing var gefin, eftir að leikarar höfðu barist harðri baráttu fyrir henni, og hún var einnig svar við kröfu norrænna leikarasamtaka, sem gerðu þetta að lágmarkskröfu fyrir því, að íslenska ríkisútvarpið fengi norrænt sjónvarpsefni á miklu lægra verði en annars. Þessa stefnuyfirlýsingu hefur núverandi útvarpsráð svikið, og gegn því brugðust leikarar.

Við leituðum til Sigurðar Karlssonar, leikara, sem sæti á í stjórn Félags íslenskra leikara, og báðum hann að ræða þessi mál við okkur.

PENINGALEYSI RÍKISÚTVARPSINS

- Sigurður, hver eru megin atriði þessarar deilu?

- Við gerum einfaldlega kröfu um að staðið sé við stefnuyfirlýsingu útvarpsráðs frá í fyrra. Við teljum það lágmark til að ríkisútvarpinu sé kleyft að gegna menningarhlutverki sínu. Hingað til hefur það ekki gegnt því vegna peningaleysis, svo að segja má að við höfum litið svo á að kröfur okkar beindust gegn fjárveitingavaldinu, en ekki útvarpinu sem slíku.

- En nú hefur útvarpsráð orðið til að svara kröfum ykkar með "athugasemdum", þar sem þeir taka málflutningi ykkar mjög illa ?

- Já, rétt er það. Við teljum okkur í rauninni vera að veita útvarpsráði stuðning við þá kröfu þeirra, að fjárráð stofnunarinnar verði aukin, svo að ekki þurfi að draga saman framleiðslu innlends efnis. Þess vegna kemur það okkur mjög á óvart, hvað ráðið hefur brugðist harkalega við þessu. Manni gæti jafnvel dottið í hug, að þeim væri engin alvara með að vilja auka innlendu framleiðsluna, eða a.m.k. halda í horfinu.

ÚTÚRSNÚNINGAR

- Nú hefur útvarpsráð staðhæft að þið farið með rangt mál að einhverju leyti, og að mjög nærri lagi sé, að þeir hafi uppfyllt þessa nefndu lágmarkskröfu um 8 leikverk í sjónvarpi. Hvað viltu segja um það ?

- Athugasemdir ráðsins um að 7 leikrit (7 klst., 59 mín. og 14 sek) hafi verið frumflutt í sjónvarpi árið 1978 eru eins og margt annað í svari þeirra vísvituð tilraun til að blekkja fólk, því að í stefnuyfirlýsingu ráðsins í fyrra stóð, að tekin skyldu upp 8 leikverk á ári. Þrjú af þeim 7 leikverkum, sem þeir telja upp, voru tekin upp árið 1977.

AÐGERÐIR

Við lukum þessu viðtali með því að spyrja Sigurð, í hverju aðgerðir leikara

fælust.

- Meðan ástandið breytist ekki, ætlum við ekki að taka að okkur nein ný verkefni hjá hljóðvarpi eða sjónvarpi. Þetta gildir frá og með 1o.júní n.k. Við munum einnig beita okkur fyrir því, að Alþjóðasamband leikara stöðvi sýningar á erlendu leiknu efni. Nú, forsendurnar fyrir því að íslenska sjónvarpið fær norræn leikrit við vægu verði um NORDVISION eru fallnar burt, í og með að ekki er staðið við stefnuyfirlýsinguna frá í fyrra. En hvað gert verður í því máli, er ekki á okkar valdi, heldur kollega okkar á hinum Norðurlöndunum,sagði Sigurður Karlsson að lokum.

Við þökkum Sigurði viðtalið, og lýsum stuðningi okkar við baráttu leikara gegn samdrætti í gerð og flutningi íslenskra leikrita í útvarpi.

Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum

Láglaunastefna í þágu auðvaldsins

Stjórn Landssambands iðnverkafólks, aðalfundur í verkamannafélaginu Dagsbrún og opið hús í Starfsmannafélaginu Sókn hafa sent frá sér ályktanir um kjara og efnahagsmál. Þar sem lítið hefur heyrst frá félögum ASÍ um þær kjaradeilur, sem stórir hópar launafólks eiga nú í við atvinnurekendur verða slíkar ályktanir að teljast til tíðinda. Ekki síst fyrir það að þessar þrjár ályktanir eru nær alveg samhljóða. Í ályktuninni frá Dagsbrún segir:"Undanfarnar vikur hefur flest snúist til verri vegar í þróun kjara- og verðlagsmála. Hátekjuhópar hafa hrifsað til sín ómældar launahækkanir og stöðugt berast fleiri og hærri kröfur frá hátekjuhópum og á sama tíma eykst verðbólgan hröðum skrefum. "Ennfremur segir: "Fundurinn skorar á stjórnvöld að gera nú þegar ráðstafanir til að halda í skefjum kauphækkun hálaunastétta, setja þak á vísitölu hærri launa og berjast gegn verðhækkunum af einurð og festu."

Sú stefna, sem sett er fram fyrir hönd þessarra fjölmennu félaga verkafólks hefur verið nefnd launajöfnunarstefna (eða láglaunastefna). Hafa boðberar hennar einkum reynt að höfða til þeirra sem hafa lægst laun í þjóðfélaginu, en auk þess hefur hún átt fylgjendur hjá hærra launuðu fólki vegna þess að hún hljómar fallega og virðist vera réttlát.

AÐ DEILA OG DROTTNA

Í tilvitnunum hér að ofan eru kröfur hálaunahópa taldar aðalmeinsemdin í þróun kjaramála í dag. Láglaunastefnan gengur út frá því, að það sé ákveðin launaupphæð til skiptanna fyrir allt launafólk. Ef einn hópur verkamanna fær stóran hluta verður minna til skiptanna handa öðrum. Hærra launaðir verkamenn eru því beðnir um að sýna "samstöðu", þ.e. að koma fram með hógværar kröfur, helst engar og hjálpa þannig hinum lægst launuðu. Í áróðri þessum "gleymist" þó að geta þess að auðvitað verður láglaunafólk engu betur sett þótt laun annarra hópa séu skert. Sú upphæð, sem verkamannafjölskylda hefur sér til framfærslu eykst t.d. ekki þótt sett sé vísitöluþak á mann í BHM. Láglaunastefnan þjónar hins vegar auðvaldinu vel. Hún veldur sundrungu í röðum launafólks og dregur úr baráttu þess og gagnkvæmum stuðningi milli hópa. Allir sem fara út í baráttu fyrir kjörum sínum eru umsvifalaust stimplaðir "hátekjumenn" (sbr. árásirnar á farmenn) og sakaðir um sérhagsmunapot og svik við láglaunafólk.

FALSANIR LÁGLAUNASTEFNUNNAR

Forystumenn "láglaunafélaganna" (einkum innan Verkamannasambandsins) eru iðnir við að gráta lélega kjör umbjóðenda sinna opinberlega. Með láglaunastefnunni afhjúpa þeir þó eigin svik. Á sama tíma og þeir einbeita sér að því að hindra launahækkanir til annarra hópa gera þeir ekki minnstu tilraun til að skipuleggja eigið fólk til baráttu. Samvinna er höfð við ríkisvald og atvinnurekendur, félagsmaálpökkum fagnað en barist skal við annað launafólk og því haldið í skefjum. Falsanir láglaunastefnunnar eru fyrst og fremst þær að ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að skerða núverandi gróða atvinnurekenda. En það er gróðasókn þeirra, sem "takmarkar launahækkanir" og reynir sífellt að þrýsta niður kjörum okkar. Gegn henni eigum við aðeins eitt svar: Samstöðu og öflugna baráttu gegn atvinnurekendum og ríkisvaldi þeirra.

Velferðarríkið getur ekki séð þegnum sínum fyrir nægri atvinnu. Bæði konur og unglingar flokkast sem varavinnuafl. Við þekkjum vel báðar öfgarnar í vinnumálum fólks, sérstaklega ungs fólks og kvenna: Atvinnuleysi og vinnuþrælkun á lágu kaupi.

Nú í ár verður kreppuþróunar vart svo um munar í atvinnuleit skólafólks fyrir sumarið. Byggingarvinna hefur dregist saman, Reykjavíkurborg og bæjarfélögin spara og ráða allt að helmingi færri unglinga en áður. Samdráttur er í framkvæmdum ríkisins og mörgum framleiðslugreinum. Það er helst ráðið til afleysinga fastra starfsmanna í sumarleyfum þeirra. Hundruð skólanema í Reykjavík munu verða án atvinnu í sumar og eru neydd til að ráfa um í aðgerðarleysi. Og á sama tíma eru félagsmálayfirvöld borgarinnar verr í stakk búin en áður til að sinna vandamálum sem skapast vegna þessa. Útideildin, svokallaða, sem veitti "götuunglingum" borgarinnar þakklátta þjónustu, hefur sem kunnugt er verið lögð niður til að spara. Umhyggjan fyrir þegnunum er sannarlega frasagjálfur í munni "vinstri" borgarstjórnarmanna og yfirstéttarinnar. En jafnframt er mikið nöldrað yfir "versnandi siðferði unglinga" og upplausn fjölskyldna!

Um 900 manns eru á skrá hjá vinnumiðlun Reykjavíkurborgar fyrir ungt fólk og flestir framhaldsskólar hafa komið á laggirnar vinnumiðlunum. Biðlistar hjá fyrirtækjum eru ógnarlangir, m.a. sóttu 1200 manns um 100 störf hjá Landsbankanum í sumar.

Verkalýðsblaðið mun leitast við að gefa fyllri mynd af ástandinu á næstu mánuðum. Einingarsamtökin beina því til ungs fólks að sitja ekki auðum höndum, heldur leita réttar síns til fullrar atvinnu með baráttu. Kröfur á hendur ríki, borg og bæjarfélögum, baráttuaðgerðir, svo sem kröfugöngur, undirskriftarsafnanir, fundir o.fl. eru til þess fallnar að vekja athygli á málstaðnum og ástandinu og knýja fram úrbætur.

Aðalfundur Dagsbrúnar:

Stuðningi við mjólkurfræðinga og farmenn hafnað!

Aðalfundur Verkamannafélagsins Dagsbrúnar var haldinn sunnudaginn 13. maí s.l. 50-60 manns mættu á fundinn (Í félaginu eru um 5000 félagsmenn) og hlýddu á reikninga félagsins lesna upp og skýrslu formannsins, Eðvarðs Sigurðssonar. Eðvarð puldi upp hvað félagið gerði á síðasta ári en það var ekki löng upptalning. Kom m.a. fram að aðeins hefðu verið haldnir þrír félagsfundir árinu. Talaði hann einnig um "slappleika" ríkisstjórnarinnar, um stöðuna í kjaramálum o.s.frv. Ekkert nýtt kom fram í skýrslunni og ekkert kom á óvart.

Í almennum umræðum á eftir kom fram hörð gagnrýni á stjórnina frá tveimur baráttusinnum. Gagnrýndu þeir aðgerðarleysi félagsins á meðan stórfellt kjararán á sér stað og undirlægjuhátt stjórnarinnar við atvinnurekendur og ríkisvald. Einnig gagnrýndu þeir það hvernig forystan misnotar félagið í flokkspólitískum tilgangi, þ.e.a.s. fyrir Alþýðuflokkinn og Alþýðubandalagið, og loks hinar stöðugu lýðræðisskerðingar í félaginu.

Guðmundur Jóð talaði í umræðunum um láglaunastefnuna og lýsti hneykslan sinni á launahækkunum hjá hálaunahópum. Bar hann fram tillögu að ályktun fundarins þar sem ráðist er gegn hópum sem "hafa hrifsað til sín ómældar launahækkanir" og hvatt til aðgerða gegn þeim. Í tillögunni fólst illa dulbúin árás á baráttu farmanna og mjólkurfræðinga og hvatt til að ekki verði gengið að kröfum þeirra. Þessi tillaga var gagnrýnd harðlega af baráttusinnunum og bentu þeir á að þarna væri á ferð hættuleg sundrungatilraun þar sem hvatt væri til þess að Dagsbrún færi að beina spjótum sínum að öðru launafólki í stað þess að snúa sér að atvinnurekendum og ríkisvaldinu. Lögðu þeir fram tillögu um að fundurinn lýsti yfir stuðningi við baráttu farmanna og mjólkurfræðinga og bentu á að þessir hópar færu einu færu leiðina til kjarabóta, þ.e.a.s. leið baráttunnar og ættu þeir allan stuðning skilinn frá öðru

framh. á bls.6



Er Alþýðubandalagið málsvari vinnandi fólks? (Mynd: VB)

Verkfallsréttarmál iðnnema

Nú um nokkurt skeið hefur verið lítið líf í iðnnemahreyfingunni. Hefur starf hennar einkum einkennst af fylgispekt við æðstu forystu verkalýðshreyfingarinnar. Á seinustu árum hefur farið að gæta andstöðu við þessa "stefnu". Forystumenn hennar hafa fyrst og fremst komið úr Félagi járniðnaðarnema (FJN).

Á seinasta landsþingi Iðnnemasambandsins var samþykkt, að baráttan fyrir samnings- og verkfallsrétti skyldi verða meginbaráttumál hreyfingarinnar. Á því hálfa ári, sem liðið er, hefur næsta lítið gerst. Forsvarsmenn INSÍ virðast telja það vænlegast til árangurs að láta aðra (forystu sveinafélaganna og ASÍ) afla þessa réttar fyrir okkur. Þar með horfa þeir fram hjá a.m.k. tveimur mikilvægum atriðum, annars vegar því, að ef iðnnemar taka sér ekki þennan rétt sjálfir með baráttu sinni, verður hann aldrei beitt vopn í okkar höndum. Hins vegar er horft fram hjá nöturlegu ástandi sveinafélaganna, sem flest eru ofurseld stéttasamvinnustefnunni. Fæstir forystumenn sveinafélaganna sjá auk þess harla litla ástæðu til þess að við fáum samnings- og verkfallsrétt. Á það bendir m.a. ráðstefna sem INSÍ gekkst fyrir nýlega. Á hana voru boðaðir fjölmargir fulltrúar sveinafélaga. Aðeins 4 mættu! Að vísu mættu sárafáir frá iðnnemum sjálfum, svo ráðstefnan fór út um þúfur. En þetta sýnir bæði forsmán forystu sveinafélaganna á iðnnemum, og einnig það að iðnemafélögin verður að byggja upp, áður en samnings- og verkfallsrétturinn verður að veruleika.

Fólk spyr gjarnan, hvernig á að byggja upp félögin? Mér er kunnugt um að FJN hefur unnið á eftirfarandi hátt m.a.: Stjórnarmenn hafa heimsótt mikilvæga vinnustaði, rætt við nemana og hvatt þá til þátttöku í starfi félagsins. Þeir hafa haft frumkvæði að því að kosnir væru trúnaðarmenn á stærstu vinnustöðunum. Félagsblað hefur komið út með nokkuð reglulegu millibili. Þá hefur félagið tekið upp deilumál af vinnustöðunum. Þannig náðist verulegur árangur í kjaradeilu, sem nemar í Vegagerðinni áttu í við stjórn fyrirtækisins.

Á næstunni er fyrirhugað að reyna að knýja fram samræmda launataxta, taxta sem eru í miklu meira samræmi við raunverulegt kaup sveina. Þessu tengt er, að fá raunverulega viðurkenndan rétt okkar til kaupgreiðslu meðan við erum í iðnskólunum.

Væntanlega verða þessi mál í brennidepli á næsta ári og allt eru þetta skref í þá átt að byggja upp félagið og fá samnings- og verkfallsrétt.

Jafnvel þó uppbygging FJN hafi gengið hægar en forystumenn félagsins hefðu gjarnan kosið, og sambandið við félagana mátt vera betra, þá geta önnur félög lært mikið af starfi og baráttu járniðnaðarnema. Félagið hefur tekið þá stefnu að vera sjálft meginkrafturinn í að fá margumræddan rétt. Vissulega þýðir það ekki höfnun á samstarfi við önnur iðnnemafélög eða verkalýðshreyfingu að öðru leyti. Það samstarf verður aðeins að byggja á því að hagsmunir iðnnema séu lagðir til grundvallar.

Járniðnaðarnemi.

STALDRAÐ VIÐ

Þingmenn eru nú farnir í sumarfrí, búnir að biðja hver öðrum blessunar og hrópa húrra fyrir forsetanum og fósturjörðinni, og geta nú farið að snúa sér að öðrum myndum starfs síns í þágu auðvalds og gróðasóknar. Þjóðin saknar þeirra ekki. Verkafólk hefur í vetur komist að raun um það, að því vegnar ekkert betur í lífsbaráttu sinni, þótt þingmenn kitli pólitíska hégómagirnd sjálfra sín og hver annars.

Kjararæningjar

Þetta hefur að ýmsu leyti verið óvenjulegt þing. Ber þar margt til, en þó einkum óvenjuleg staðfesta þess í árásum á kjör launafólks. Strax s.l. haust var "vinstri" ríkisstjórnin farin að hvessa klærnar gegn launafólki, og 1. des. komu kjararánslögin, sem fræg eru orðin að endemum. Með þeim var gerð tilraun til að bjarga auðvaldsgróðanum undan í sívaxandi öngþveiti kreppusérfræðinga ríkisvaldsins. Þessi lög áttu að þagga niður í launafólki og skapa "frið á vinnumarkaðnum", til að hægt yrði að "berjast gegn vágestinum mikla, verðbólgunni". Launafólk hefur komist að því, að því nægir ekki að kjósa á þing "rauðskikkjur" Alþýðubandalagsins eða "uppskurðar postula" Alþýðuflokks.

Stjórnar-„andstaðan“

Stjórnarandstaða íhalds-

þingmanna gegn kjararánsstjórn

Það er fastur liður á hverju hausti, að æðstuprestar landsins blessi komandi afglöp þingmanna.

"vinstri" flokkanna hefur verið "veik", segja stórnarliðar. Dettur þeim aldrei í hug, hvers vegna? Stefna íhalds og "vinstri" flokka er nefnilega í grundvallaratriðum sú sama. Stjórnar"andstaðan" snýst ekki um málefni. Ekki var stjórn Geirs Hallgrímssonar neitt öðruvísi en þessi, eða var það? Nei, í þessum herbúðum keppast menn um það hverjir séu bestu stjórnendur og leppar þess hluta auðvaldskerfisins, sem þing og ríkisstjórn fá að maka fingur sína í. Af þeim toga eru einng þær deilur sem uppi eru milli einstakra flokka og manna í þingliði stjórnarinnar.

Raunveruleg andstaða er aðeins til á einum stað. Raunverulega verkalýðsstefna á sér engan fulltrúa á þingi. Þar sitja aðeins svikarar, landeyður, leppar og saklausir pabbastrákar auðvaldsins, þeir sem skástir geta talist. Hvenær skyldu kommúnistar og önnur róttæk hreyfing verkafólks fá nægilegan styrk meðal fjöldans til að sjá af eins og einum manni til að sitja í þingsölum daglangt og fylgjast með auðvaldsleikbrúðunum og fletta ofan af þeim? Það verður vafalaust hvorki skemmtilegt né auðvelt verk fyrir þann, sem í því lendir, en hvað má ekki leggja á sig fyrir málstaðinn?

Glætur

Þótt formyrkvunin einkenni



allt starf þingsins, hefur þó einstaka sinnum í vetur mátt sjá rofa til um stund. Ein glætan var samþykkt laga um húsaleigu, sem felur í sér aukinn rétt leigjenda. Þetta eru ágæt lög, enda samin af fólki, sem aldrei hefur á þing komið. Þá voru ýmsar réttarbætur í þeim smápinklum úr félagsmálapakka ASÍ og ríkisstjórnarinnar, sem færðir hafa verið í lög. Má þar nefna nýjar reglur um uppsagnarfrest verkafólks, sem unnið hefur lengi á sama stað.

Feluleikur

"Rauðskikkjur" Alþýðubandalagsins hafa átt erfiða daga **síðustu vikur og mánuði.**

Stefna þeirra er orðin allt annað en vinsæl meðal almennings. Þá datt Lúðvíki það snjallræði í hug að senda strákana sína í feluleik. Þeir fengu aðeins eina leiðbeiningu: "Finnið hættulaust mál, sem hægt er að blása upp, svo að fólk gleymi öllu öðru, einkum kjaramálunum!" Og strákarnir hans Lúðvíks fóru að leita. Sigurvegarinn í keppninni varð Ólafur Ragnar Grímsson, enda doktor í slíkum fræðum. Þar með varð bílamál ráðherra að stærsta máli þjóðarinnar. Og sigurlaunin? Jú, Ólafur Ragnar varð "Nafn vikunnar" í Þjóðviljanum sínum 27. maí s.l.

Upplausn

Og nú eru hetjurnar horfnar af þingi. Enginn veit, hvort þeir koma þangað aftur allir. Skúta "vinstri" auðvaldssinnanna í kjaramálum strandar á hverju rifi þessa dagana. Fyrst komu flugmenn, síðan skellurinn í BSRB, og nú eru farmenn og mjólkurfræðingar í réttlátum verkföllum. Og ætli fleiri fylgi ekki á eftir í sumar? Það er nefnilega svo að æ fleiri sjá og skilja, að í stað trausts á berrassað þingsalalið auðvaldsins í flokkum sjálfstæðisíhalds, alþýðubandalagsíhalds, framsóknaríhalds og krataíhalds verður að koma fjöldabarátta gegn kjararáni og stéttabarátta verkafólks gegn auðvaldi. Annað dugar ekki.

Finnur.

Ríkisstjórnin ætlar a
um kreppunnar yfir a

Kreppu-þróunin

Ef litið er yfir þróun efnahagsmála síðustu ára sést að sveiflur kreppunnar verða tíðari og dýpri.

Eins og línuritin sýna eru á s.l. 15 árum tveir toppar (hásveifla) og tvær lægðir (lágsveifla). Hásveiflurnar eru árin 1966-67 og 1974, en lágsveiflurnar eru 1969 og 1976. Sá uppgangur sem hófst 1977 fór að fletjast út 1978 og allt bendir til þess að enn stefni hratt niður á við og að sú offramleiðslukreppa sem stefnir í verði sú dýpsta sem íslenskt auðvald hefur komist í kynni við frá því í II. heimsstyrjöldinni.

Þegar litið er á þróun síðustu ára, má sjá að vöxtur fjárfestinga atvinnuveganna hefur orðið miklu meiri en vöxtur kaupmáttar tímakaups verkamanna, enda þótt hvort tveggja hafi bæði vaxið og minnkað á tímabilinu sem línuritið sýnir. Þessi vaxandi mismunur er aukið arðrán, þ.e. að auðvaldið tekur til sín sífellt stærri hlut heildarteknanna. Þetta þýðir að á sama tíma og auðvaldið segist ekki geta borið hærri launagreiðslur getur það aukið stórlega eigin fjárfestingar.



Almætti „auðsins“ er *tryggara* í lýðræðislegu þjóðríki sökum þess, að þar er það ekki háð neinni illa gerðri pólitískri auðvalds-hulu. Fyrir auðvaldið getur ekki betri pólitíska hulu en lýðræðislegt þjóðveldi. Þegar auðvaldinu (með aðstoð manna eins og Paltsjinski, Tsjernov, Zeretelli og þeirra líka) hefur tekizt að sveipa sig þessari hulu, sem er bezt af öllum, fær það tryggt svo vald sitt og veitt því slíkt öryggi að *engin* mannaskipti né heldur breytingar á stofnunum eða flokkum hins borgaralega lýðveldis megna að hagga því.

Úr bókinni "Ríki og bylting" eftir Lenín (bls.18)

****

Sumarbúðir Verkalýðsblaðsins

Hér höldum við áfram þar sem frá var horfið í síðasta tölublaði með kynningu á Sumarbúðum Verkalýðsblaðsins 1979. Eins og lesendur muna, verða haldnar þrennar sumarbúðir í ár. Þær fyrstu verða um mánaðarmótin Júní/júlí, og verða það Fjallabúðir. Sérstök grein um þær er hér annars staðar á síðunni. Búðir nr. 2 verða um Verslunarmannahelgi í nágrenni Reykjavíkur. Það verða Fjölskyldubúðir, þar sem lögð verður áhersla á dagskrá við allra hæfi. Þær búðir kynnum við sérstaklega í næsta tölublaði Verkalýðsblaðsins. Þriðju búðirnar verða síðan um miðjan ágúst, og verða það Ferðabúðir fyrir fólk sem vant er útivist. Þær munum við líka kynna betur síðar.

Eins og sjá má af þátttökueyðublaðinu hér á síðunni er ekki orðið seinna vænna að fara að tilkynna þátttöku. Allur kostnaður ræðst af fjölda þátttakenda, og enn fremur léttir það störf undirbúningsnefndarinnar ef þátttökutilkynningar fara að berast fljótlega. Þeim má skila til sölumanna Verkalýðsblaðsins, eða á Baldursgötu 7 A í Reykjavík á auglýstum viðtalstíma Vbl. Þá má senda þær í pósthólf 5186 Reykjavík, merktar Sumarbúðir Verkalýðsblaðsins.

Fjallabúðirnar eru, eins og aðrar sumarbúðir Verkalýðsblaðsins, blanda af útiveru, stjórnmálaumræðu og menningariðkun. Þó eru þær frábrugðnar að því leyti, að útiveran byggir að mestu á stuttum og löngum gönguferðum og fjallaklifri. Við munum dveljast í fjallaskála í Henglafjöllum, um 35 km austur af Reykjavík.

NOKKUR ORÐ UM DAGSKRÁ BÚÐANNA

Við leggjum af stað frá Reykjavík kl. 9 að morgni laugardagsins 30. júní, og eftir að komið verður á búðastað verður tíminn fram að hádegi nýttur til að koma sér fyrir. Síðan verður fræðsla um náttúrufar svæðisins o.fl., en stærstum hluta dagsins eytt í útiveru. Boðið verður uppá tvær langar gönguferðir: Annars vegar gönguferð í Reykjadali, þar sem gefst kostur á baðferð, o.m.fl. en hins vegar að klífa Hengil hæsta fjall á Reykjanesfjallgarði. Þaðan er stórkostlegt útsýni til allra átta.

Að kveldi er síðan kvöldvaka með söng og leik.

Á sunnudeginum verður risið árla úr rekkju, og farið í 2 stuttar gönguferðir. Eftir hádegið verða umræður um annað meginefni búðanna, Kjararán ríkisvalds og atvinnurekenda, og hvað er til ráða. Um kvöldið verður kvöldvaka.

Á mánudag eru leikir og útivera, og auk þess síðara umræðuefni sumarbúðanna, Deilur Kína við nágrannaríki sín. Að loknum umræðum verða búðirnar metnar, tekið til og síðan lagt af stað heimleiðis. Heim verður komið fyrir kl. 19.00 á mánudag.

Þeir sem ekki geta verið alla þrjá daganna geta fengið ferð heim á sunnudagskvöldi, en ósk um slíkt þarf að koma fram á þátttökutilkynningu.

PÓLITÍSKAR UMRÆÐUR - KVÖLDVÖKUR

Við munum birta í næsta tölublaði tvær greinar er snerta umræðuefnin, og enn fremur vísa til annars lesefnis. Stjórnmálaumræðan á búðunum sjálfum fer þannig fram, að öllum þátttakendum verður skipt í hópa er ræða framsöguerindi, og að hópaumræðum loknum verða stuttar

ð velta byrð-
á alþýðuna

Ríkisvald auðvaldsins og lýðræðið

Sú ríkisstjórn sem situr í hásæti ríkisvaldsins núna, hefur gefið sjálfri sér nafnið: Stjórn vinnandi stétta. Hún komst til valda eftir mikið makk og pukur og kvaðst ætla að sigla þjóðarskútunni út úr verðbólgufeni og skuldafeni. Í ríkisstjórninni sitja þrír flokkar, einn "jafnaðarmannaflokkur", einn borgaralegur og einn "sósíalískur". Þetta er rifjað upp hér vegna þess að ofangreindur munur sést ekki af verkum flokkanna. Framsóknarflokkurinn er borgaralegur flokkur með stærsta einokunarhring landsins að baki, sjálft Sambandið. Alþýðuflokkurinn hefur ekki skartað rauðu í áratugi og hefur innanborðs fremstu talsmenn stéttasamvinnustefnunnar í verkalýðshreyfingunni. Alþýðubandalagið er borgaralegur flokkur sem treystir á ríkisvaldið og mátt þess í baráttunni gegn uppreisn vinnandi fólks, sbr. 3%-málið í BSRB. Nú vill Alþýðubandalagið svo setja gerræðislög til höfuðs vinnandi fólki, í því skyni að halda launabaráttunni niðri.

Afstaða Alþýðubandalagsins til ríkisvaldsins er í

verki nákvæmlega sú sama og íhaldsins. "Ríkisstjórnin er mynduð til að hrinda í framkvæmd lausn verkalýðshreyfingarinnar á þeim vandamálum sem fjandsamlegt ríkisvald hefur skapað henni á undanförnum árum...." (Undirstr. VB). Þetta sagði Ólafur Ragnar Grímsson í viðtali við Þjóðviljann 3. sept. 1978. Hann hefur ríkisvaldið og ríkisstjórnina þannig yfir höfuðstéttir þjóðfélagsins. Ríkisvaldið getur verið vinveitt verkalýð eitt árið og fjandsamlegt annað árið!

Það sem alþýðan sér, en prófessorinn ekki, er að ríkisvaldið stendur alltaf með atvinnurekendum, er alltaf fjandsamlegt afl og það óháð því hvaða ríkisstjórn trónir á toppi þess.

almennar umræður. Með þessu umræðuformi er tryggt að allir geti tekið þátt í umræðunum. Að auki verða veggspjöld þar sem öllum er frjálst að koma með gagnrýni og ábendingar.

Kvöldvökurnar munu að mestu

****



****

byggjast á efni sem þátttakendur taka með sér og/eða undirbúa á staðnum, en líka verður hluti kvöldvökuefnis skipulagt fyrirfram. Í dagskrá búðanna verður gert ráð fyrir tíma til samningar kvöldvökuefnis.

UM STAÐINN OG AÐSTÖÐUNA

Fjallaskálinn sem við munum dveljast í er ekki í alfaraleið. Hann stendur í hrjóstugri fjallshlíð, og öll aðstaða er frumstæð - en þó þokkaleg. Allir þátttakendur munu sofa í skálanum - nema ef einhverjir harðjaxlar æskja frekar að viðra tjöld sín. Langt er í næstu verslum, svo að þátttakendur verða að taka með sér allt sem lýtur að sérþörfum þeirra, s.s. tóbak, sælgæti, gosdrykki o.fl. Einföld sjúkratæki verða til staðar, svo og jeppabifreið til neyðarþarfa.

Innifalið í þátttökugjaldi verður fullt fæði, þ.e. 2 máltíðir á dag, auk morgunmats og kvöldmats og nestis í gönguferðum. Þátttakendum verður skift í hópa, er annast matseld og frágang til skiptis.

ANNAÐ.....

Að sjálfsögðu er öll neysla áfengra drykkja stranglega bönnuð á sumarbúðum Verkalýðsblaðsins. Sökum frumstæðrar aðstöðu takmörkum við aldur barna við 8 ár hið yngsta. Við munum að sjálfsögðu skipuleggja sérstaklega dagskrá fyrir börnin, og líka verður sérstakt umræðuefni fyrir þau (sjá grein um pólitíska umræðu á sumarbúðum). Skráningarfrestur er 15. júní, svo að ekki er seinna vænna að fara að skrá sig.

Hittumst heil í Henglafjöllum

PÓLITÍSK UMRÆÐA Á SUMARBÚÐUM

Við höfum ákveðið að tilgangur sumarbúða sé þríþættur: Í fyrsta lagi gefa þar framsæknu fólki tækifæri til að koma saman og ræða málin, og taka þátt í mótun baráttustefnunnar. Í öðru lagi eru þær vettvangur til að kynnast fólki innbyrðis og kynnast kommúnísku hreyfingunni í gegnum starf og leik. Í þriðja lagi eru sumarbúðir vettvangur þroskandi skemmtanna, íþrótta og útiveru.

Þegar við veljum umræðuefni fyrir sumarbúðir höfum við það í huga, að búðirnar eru öllu framsæknu fólki opnar, og þær eiga að gefa tækifæri til að fólk kynnist stefnu kommúnista og baráttusinna. Því veljum við efni sem standa öllu alþýðufólki nær, og sem fólk hefur áhuga á, á sama tíma og umræðan tengist ástandinu í stéttabaráttunni heima og erlendis.

Fyrra efnið sem við ræðum á sumarbúðum er kjararán ríkisvalds og atvinnurekenda, og hvað er til ráða. Kreppuárásir auðvalds og ríkisvalds gerast nú æ harðari, og atvinnurekendur skipuleggja sig til harðra árása á launafólk. Verðbólgan magnast, stöðugar verðhækkanir dynja yfir, og hótað er bráðabirgðalögum á þá hópa launafólks er rísa til baráttu. Sú ríkisstjórn er nú situr kallar sig "stjórn hinna vinnandi stétta", en það er sannkallað öfugmæli. Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur standa nú í fararbroddi árásanna á verkafólk og alþýðu, brynjaðir falsáróðri og falskenningum um að launahækkanir séu undirrót verð-

framh. á bls. 7

Verðbólgan og erlendar lántökur

VERÐBÓLGAN OG ERLENDAR LÁNTÖKUR

Sá söngur ríkisvaldsins og atvinnurekenda að aukinn kaupmáttur launafólks (meirihluta landsmanna) sé ein helsta orsök verðbólgunnar, er hrein blekking. Enda þótt einkaneyslan hafi aukist örlítið meira en kaupmátturinn, þá er það ekkert í samanburði við vöxt fjárfestinga atvinnurekenda. Aukning einkaneyslu samfara aukningu kaupmáttar er frekar afleiðing verðbólgu en orsök.

Á árunum 1974-78 voru erlendar lántökur á bilinu 30-40% af þjóðarframleiðslu hvers árs. Þessar lántökur héldu hjólunum gangandi hér innanlands að því marki að ekki kom til stórfellds atvinnuleysis. En slíkar aðgerðir gera samt ekkert annað en að seinka áhrifum offramleiðslukreppunnar.

Tilgangurinn með lántökunum er að halda framleiðslunni gangandi þar til næsta uppgangstímabil kemur, en um leið magnast verðbólgan. Verðbólgan er notuð til að halda launum verkafólks og annarrar vinnandi alþýðu niðri. Sé vottur af alvöru á bak við tal landsfeðra um baráttu gegn verðbólgunni, þá ætti hann að birtast í því að aðgerðum ríkisvaldsins verði beint gegn gróða atvinnurekenda og hann færður til launafólks. Þannig má fá meira jafnvægi milli framleiðslu og markaðar. En slíkt gerir ekki ríkisvald auðvaldsins, heldur þvert á móti stendur það vörð um gróðahlutfall auðvaldsins og sér um að það aukist eins og gerst hefur hér á landi síðustu árin.

Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera?

Æðsta boðorð ríkisvaldsins er að viðhalda gróðahlutfalli auðvaldsins og það gerir það með því að greiða götu þess, ábyrgjast erlend lán, berja launakröfur vinnandi fólks niður með harðri hendi og setja engar hömlur á verðhækkanir. Auk þessa stefnir í atvinnuleysi vegna niðurskurðar og "sparnaðarráðstafana".

Stefna ríkisstjórnarinnar hefur frá upphafi verið sú hin sama og fyrri ríkisstjórna. Vandamálin sem hrjá auðvaldið jukust árið 1978 og aukast enn og því er róðurinn þyngri fyrir ríkisstjórnina og aðgerðirnar harðari.

Ríkisstjórnarflokkarnir eru sammála um markmiðin en greinir á um leiðir.

Lesendum skal að síðustu bent á greinina "Efnahagsmálin - kreppa auðvaldsins" í Rauðliðanum 1.-2. tbl. 1979.

– menning og listir

Vísnavinir, takk fyrir skemmtunina!

Vísnavinir héldu vöku að Kjarvalsstöðum fyrir tveim árum, en þá var þessi mynd tekin.

Vísnavinir brugðu sér á kreik þriðjudaginn 29.s.l. og héldu vísna (vina) kvöld á Hótel Borg. Komu margir fram, bæði undirbúnir og "uppákomufólk". Húsfyllir var og frábær stemming.

Tríltiltoppakvartettinn byrjaði kvöldið og tók nokkur góð og vel flutt lög. Ég hef grun um að textarnir hafi verið nokkuð góðir, en ég heyrði þá því miður ekki, bæði vegna óskýrs framburðar og vöntun á magnarakerfi. Síðan tróð þarna upp hver á fætur öðrum þ.á.m. Ási í bæ, Ásgeir Ingvarsson, Árni Johnsen systkini sem ég man ekki hvað heita og svo rúsínan í pylsuendanum, Musica nostra. Á ég vart orð til að lýsa frábærum lögum þeirra og sömuleiðis flutningi. Náttúrulega var þetta allt misjafnlega gott en greinarhöfundi fannst Tríltiltopparnir og Musica nostra skaga hæst. Samt get ég ekki setið á mér að nöldra aðeins. Það er skelfing hvimleitt að horfa á fólk sitjandi við svona tónlistarflutning þegar þess gerist ekki þörf. Tríltiltoppar og fleiri: Í guðanna bænum standið næst. Það verður miklu líflegra og skemmtilegra.

Óhætt er að segja að hátt í hundrað blóm hafi blómstrað á Borginni á þriðjudaginn og er vondandi að þessi starfsemi haldi áfram af fullum krafti. Þarna gefst mörgum duldum hæfileikamönnum kostur á að koma fram og njóta þess sem í þeim býr. Og að lokum skal á það bent að þeir sem vilja gerast félagar í félaginu Vísnavinir geta snúið sér til Gísla Helgasonar og Árna Johnsen.

Október

Ritstjórnarskrifstofa er á Baldursgötu 7A, sími 28962
Opin þriðjudaga frá kl. 5—7 síðdegis

Réttarráðgjöfin:
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fyrir almenning
Öll miðviku-dagskvöld kl. 19.30—22.00.
Sími 27609

Lönd vilja sjálfstæði - þjóðir vilja frelsi - alþýðan vill byltingu

Norskir nasistar á bak við sprengjutilræðið

Sprengjuárás norskra nasista á kröfugöngu Faglig 1. mai Front í Noregi hefur orðið til þess að draga eitt og annað fram í dagsljósið um myrkraverk nasistahreyfingarinnar.

Handtaka og játning sprengjumannsins, Petter Christian Kyvik, hefur leitt í ljós að nasistahreyfingin "Norsk Front" hafði undirbúið árásina og fleiri sprengjutilræði. Ennfremur hefur komið fram að "Norsk Front" hefur tengsl við erlendar fasistahreyfingar, svo sem "National Front" í Englandi og "MSI" á Ítalíu. "MSI" hefur staðið fyrir mörgum morðum og morðtilræðum á Ítalíu. "Norsk Front" hefur einnig verið í tengslum við stjórn Ian Smith í Rhodesíu (Zimbawe) og sent þangað málaliða til að berjast gegn frelsishreyfingum blökkumanna þar.

"Norsk Front" sækir hugmyndafræði sína beint til Hitlers og eru nokkrir gamlir nasistar úr liði Quislings virkir í hreyfingunni. Þar á meðal er einn fyrrverandi liðsmaður SS-sveitanna.

KLASSEKAMPEN, dagblað norskra marx-lenínista, telur sig hafa upplýsingar um að nokkrir þekktir auðherrar í Noregi séu meðal þeirra sem styðji nasistana fjárhagslega á laun.

Nasistarnir eiga sér ekki neitt fjöldafylgi í Noregi. Fjöldi Norðmanna fékk að kynnast nasismanum náið í barátttunni gegn honum í II. heimsstyrjöldinni. Meðal annars var fjöldi Norðmanna settur í hinar illræmdu fangabúðir Hitlers.

Liðsmenn nasistanna eru sumir hverjir synir auðmanna og gamalla nasista. Eitthvert fylgi eiga þeir innan norska hersins, meðal foringja og liðsforingjaefna. Kyvik er einmitt liðsforingjaefni og sprengiefnið stolið úr geymslum hersins.

Reyna að afneita sprengjutilræðinu

Formaður "Norsk Front", Erik Blücher, hefur reynt að afneita sprengjumanninum Kyvik og lýst því yfir að hreyfing hans sé saklaus. En nægar sannanir eru fyrir því að Kyvik var einn af virkari félögum "Norsk Front" og m.a. félagi í sérstakri hryðjuverkasveit þeirra sem kölluð er AG (Aksjonsgruppe). Kyvik hefur einnig verið þekktur sem þátttakandi í ýmsum aðgerðum sem Erik Blücher hefur skipulagt ásamt forystu "Norsk Front".

„Bannið Norsk Front"

Víðtæk hreyfing hefur nú risið í Noregi gegn starfsemi nasistanna. Krafan um að hreyfingin verði bönnuð fær síaukið fylgi, m.a. hafa hundruð verkalýðsfélaga og starfsmannafélaga sent frá sér áskoranir um bann á starfsemi nasista. Sérstök andnasísk hreyfing er einnig starfandi og vinnur hún að því að fá nasistahreyfinguna bannaða.

Fyrir skömmu hafði norska útvarpið umræðuþátt um það hvort banna beri "Norsk Front" Það vakti furðu og reiði margra, hvernig útvarpið valdi fólk í þáttinn. Í stað þess að velja úr hópi þeirra sem barist hafa fyrir banni á "Norsk Front", þá sneri útvarpið sér til hægri manna, og aðeins einn af fjórum þátttakendum var á því að banna starfsemi nasistahópsins. Enginn frá Faglig 1. mai Front, enginn fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar, enginn frá andnasísku hreyfingunni var til staðar. Til að bíta höfuðið af skömminni, þá bauð útvarpið formanni "Norsk Front", Erik Blücher, þátttöku! En hann sá sér víst ekki fært að koma.

Kommúnistar á Spáni vinna mikinn kosningasigur

Kosningabandalagið ORT-PTE vann 500 fulltrúa í bæjarstjórnakosningunum á Spáni 3. apríl, sem þýðir að ORT-PTE hafa fulltrúa í 40 bæjarstjórnarumdæmum. ORT eru marx-lenínísk samtök og hafa þau unnið að sameiningu við PTE. Formleg sameining mun eiga sér stað nú í maí.

Niðurstöður kosninganna voru mikið áfall fyrir flokk Suarezar forsætisráðherra (UCD), en hann tapaði fylgi frá í þingkosningunum 1. mars. Sem dæmi um sigur ORT-PTE má nefna, að á iðnaðarsvæðunum umhverfis höfuðborgina Madrid fékk kosningabandalag þeirra rúmlega 20 bæjarfulltrúa. Einna mikilvægust er þó kosningaúrslitin í Aranjuez, þar sem listi ORT fékk 25% atkvæða. Aranjuez er landbúnaðarbær, þar sem mikil iðnaðaruppbygging hefur átt sér stað að undanförnu. Þá er árangur þeirra mjög góður í Baskahéruðunum.

Kommúnistarnir, sem kosningu hlutu, hafa lýst því yfir, að þeir ætli ekki að nota aðstöðu sína til að ganga erinda ríkisvaldsins í kreppuráðstöfunum þess, heldur að sameina þá baráttu sem alþýðan heyr víðs vegar um landið gegn niðurskurði félagslegrar þjónustu og fyrir bættu ástandi í húsnæðismálum

Þessar bæjarstjórnarkosningar eru þær fyrstu frá fasistauppreisn Frankó-liðsins í júlí 1936.

Sovétríkin reyna að afla leppunum fylgis

Sovétríkin reyna nú hvað þau geta til þess að afla leppstjórninni í Phom Penh alþjóðlegrar viðurkenningar. Enn sem komið er, hefur "stjórn" Heng Samrin aðeins hlotið viðurkenningu af hálfu ríkja sem eru á einn eða annan hátt tengd Sovétríkjunum. Nýlega reyndi Alexej Kosygin að fá indversku stjórnina til að viðurkenna Heng Samrin - en án árangurs. Um tíma leit svo út fyrir að Kosygin, sem var í opinberri heimsókn, myndi takast ætlun sín, en geysilega öflug mótmælaganga og aðrar stuðningsaðgerðir við alþýðu Kampútseu komu í veg fyrir það.

Í höfuðborg Indlands, Nýju Delhi, gengu þúsundir manna að sovéska sendiráðinu og mótmæltu innrásinni í Kampútseu. Gönguleiðin sem farin var, var löng og tók gangan heilar sex klukkustundir.

Kína viðurkennir ekki Ísrael

Yassir Arafat og Zhou Enlai í heimsókn þess fyrrnefnda til Kína árið 1970. (Mynd:Xínhúa)

Undanfarið hafa fjölmiðlar í ýmsum heimshlutum (þar á meðal Íslandi) birt frásagnir um að Alþýðulýðveldið Kína hafi tekið upp leynilegt samband við síonistana í Ísrael. Sendiherra Kína í Líbanon bar fréttir þessar til baka nýlega á fundi með forystumönnum PLO, frelsissamtaka Palestínumanna. Sendiherrann, Xu Wenyi, sagði að ákveðnir aðilar hafi soðið saman þessar sögur í þeim tilgangi að skaða samstöðuna og vináttuna sem ríkir milli kínverskra og palistínskrar alþýðu.

Xu Wenyi fordæmdi árásarstefnu Ísrael og sagði hana eiga stuðning hjá risaveldunum. Ennfremur fordæmdi hann nýlegar árásir Ísraelsmanna á búðir Palestínumanna í suðurhluta Líbanon. Sendiherrann fullvissaði Yassir Arafat, sem var einn fundarmanna, um að Kína styðji nú sem fyrr réttmæta baráttu Palestínumanna og Araba til þess að endurheimta land sitt og þjóðleg réttindi.

Kampútsea

6. og 7. maí sl. hélt ríkisstjórn Kampútseu ráðstefnu til að ræða ástandið í landinu. Leiðtogar ráðstefnunnar voru Khiu Sampan, forseti, og Pol Pot, forsætisráðherra.

Ráðstefnan taldi að skyndisókn Víetnama hefði mislukkast og að erfiðleikar þeirra færu sífellt vaxandi. Enn sem komið er búa Víetnamar yfir meiri hernaðarstyrk, en þróunin er skæruliðastjórn Pol Pot-stjórnarinnar í hag, var álit ráðstefnunnar. Þá var og rætt um efnahagsleg og pólitísk vandamál Víetnama, sem vaxa samtímis því sem þeir eru einangraðir á alþjóðavettvangi.

Á ráðstefnunni voru samþykktar tvær áskoranir. Annari er beint til alþýðu Kampútseu og skorað á hana að efla baráttuna fyrir sjálfstæði og óháði landsins. Hinni áskoruninni er beint til allra þeirra sem fylgja frelsi og réttlæti, fullveldi og óháði þjóða. Í þeirri áskorun er hvatt til stuðnings, í hvaða formi sem er, við réttmæta baráttu Kampútseumanna gegn árásaröflum Víetnams.

Stuðningi við mjólkurfræðinga og farmenn hafnað!

framh. af bls. 3

verkafólki. Eðvarð hunsaði eitthvað um þessa tillögu og sagði að hún gengi í berhögg við tillögu stjórnarinnar. Lagði hann til að henni yrði vísað frá. Var það samþykkt svo og tillaga stjórnarinnar.

Þessi fundur er enn eitt sönnunardæmi þess að forysta Dagsbrúnar gengur æ lengra í undirlægjuhætti sínum við atvinnurekendur og ríkisvald. Forystan gengur fram fyrir skjöldu við að sundra verkalýðnum og er algerlega hætt að láta sig hagsmuni verkafólks nokkru varða. Þannig má það ljóst vera að aðgerða er þörf í þessu félagi. Hefja þarf baráttu gegn þessari leppstjórn atvinnurekenda og fyrir auknu lýðræði í félaginu. En til þess þurfa þeir sem eitthvað láta sig verklýðsmál varða að mæta á þá fáu félagsfundi sem haldnir eru í Dagsbrún. Lítil virkni og áhugaleysi félagsmanna Dagsbrúnar um sín hagsmunamál er það sem heldur lífinu í stjórninni. Látum þá ekki sleppa alveg svona auðveldlega næst.

Skerfur lesenda

Frá ritstjórn

Í síðasta tbl. birtist lesendabréf eftir "EIKara", sem nefndist "Kína og sjálfstæði EIK(m-l)". Lesendabréf þetta setti fram rökstudda gagnrýni á EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið fyrir að gagnrýna ekki málefni Kína og setja fram sjálfstætt álit á atburðum austur þar. Fremur væri þaga að um ágreiningsmálin, og sú þögn ekki alltaf af hinu góða.

Tvö lesendabréf um þetta sama efni birtast nú. Við hvetjum lesendur til að lesa vel þessi skrif og taka afstöðu til þeirra. Allra best væri að sem flestir sendu okkur línu um álit sitt. M. a. viljum við hvetja lesendur til að velta fyrir sér eftirfarandi atriðum:

1. Hvers konar gagnrýni og umræður frá okkur koma kínverskri alþýðu mest að gagni?

2. Hvers konar gagnrýni og umræður um málefni Kína gagnast íslenskri alþýðu best?

Enn um Kína og EIK (m—l)

Þökk sé "EIKara" fyrir lesendabréfið í síðasta tbl. Mig langar til að bæta aðeins við það.

Er það ekki rangt af ykkur að rjúka út með yfirlýsingar um afdráttarlausan stuðning við einstakar aðgerðir Kína án rannsókna, eins og t.d. gerðist eftir innrásina í Víetnam? Mér finnst rétt að EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið áréttti í slíkri stöðu almennan stuðning sinn við Kína og sósíalismann þar, áréttti andstöðu sína við öfl á borð við endurskoðunarsinnana í Víetnam og Sovétríkjunum, leggi fram þekkingu sína á undanfara þessara aðgerða, leggi fram röksemdir Kínverja fyrir gerðum sínum og sýni fram á muninn á réttlátu og ranglátu stríði. En að lýsa því yfir vafningalaust og í snarhasti, að innrásin sem slík hafi verið rétt, tel ég rangt. Með slíkum yfirlýsingum er verið að loka fyrir alla gagnrýni og stimpla hana sem óvináttu við Kína, og girða fyrir þann möguleika að Kína geti gert villur, t. d. í framkvæmd réttrar meginstefnu. Og hverjum er gagn að því? Loks er ljóst að fólk hlær almennt að slíkum yfirlýsingum ykkar, því að fáir eru svo firrtir tímaskyni, að þeir sjái ekki að EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið gátu ekki verið búin að mynda sér sjálfstæða skoðun. Þessi yfirlýsing EIK(m-l) og skrif blaðsins fyrst á eftir innrásinni hljómuðu eins og "amen"-ið á eftir faðirvorinu, en ekki sem trúverðugur sannleikur eða miðlun staðreynda.

Stuðningsmaður.

Vináttan við Kína hlýtir reglum

"EIKari" hugleiðir nokkuð hvernig kommúnistar skuli haga afstöðu sinni til stéttabaráttunnar og atburða í sósíalísku ríki, þ.e. í Kína, í síðasta tölublaði VB, nema hvað mér finnst "Eikari" ekki skoða nægilega allar hliðar málsins.

Vissulega er það svo, að við höldum fast við þá reglu að blanda okkur ekki inn í innri mál kínverska kommúnistaflokksins. Samtímis viljum við og teljum rétt að segja meiningu okkar hreinskilninslega. Samkvæmt því sem ég hefi heyrt nýlega af yfirlýsingum Kínverja, vilja þeir gjarnan heyra gagnrýni.

Spurningin er því þessi: Hvernig eigum við að halda á þessum málum? Mér finnst reynslan af tímum "fjögurra manna klíkunnar" í Kína kenna okkur að kjarni mála sé ekki alltaf eins og yfirbragðið segir til um. Ofurróttæknin getur auðveldlega falið afturhaldssinnað markmið.

Reynslan kennir okkur líka að barátta stéttanna ræður úrslitum í Kína og að tilhneigingar í henni eða ósigrar og sigrar verkalýðs og alþýðu eru ekki ljósir á augnablikinu hverju sinni.

Hér koma því nokkrar tillögur eða ábendingar:

1. Sjáum skóginn fyrir trjánum, þ.e. leitum að meginatriðunum, kjarnanum, í stað þess að festa okkur við smáatriði ein sér eða ytra borðið. Leitum að orsökum.

2. Gefum okkur tíma, gefum Kínverjum tíma í sinni baráttu, áður en við gefum yfirlýsingar.

Kínverskt verkafólk að störfum. (Mynd: Xínhúa)

3. Í málum þar sem stjórnvöld eða kínverski flokkurinn hefur tekið afstöðu skulum við ekki hika við að segja okkar skoðanir opinberlega. Dæmi: Endurskipulagning skólahalds og menntunar, árásin á Víetnam o.fl.

4. Í málum þar sem deilur eða umræður eru enn í fullum gangi, þá er rangt að taka opinbera afstöðu með ákveðnum manni, hópi eða skoðun svo fremi sem um öfl eða hugmyndir meðal alþýðunnar er að ræða. EIK(m-l) geta að sjálfsögðu lagt fram eigin greiningu á málinu. Dæmi: Hverjir voru helstu ágallar og kostir Menningarbyltingarinnar í Kína?

5. Meðan við metum kínverska flokkinn sem marx-leníníska, þá ber okkur að hafa þá reglu að lýsa yfir jákvæðum eða neikvæðum skoðunum okkar og segja samtímis, að það sé vandi Kínverja sjálfra að taka ákvarðanir og leysa úr þeim. Hver kommúnistaflokkur og alþýða hvers lands verða sjálf að móta stjórnlist og baráttulist í ljósi aðstæðna í eigin landi.

Að lokum þykir mér rétt að EIK(m-l) meti við tækifæri tilhneigingu til að fegra eða ofmeta Kína, sem hefur stundum gætt á vegum samtakanna. Við þess konar óhlutlægni þarf að gera upp sakir - vináttan við Kína er þess virði!

Fróði.

Hvað er að gerast í Alþýðubandalaginu

Að undanförnu hafa átt sér stað nokkrar hræringar innan Alþýðubandalagsins. Margir flokksmenn eru mjög óánægðir með starf og stefnu forystunnar. Á yfirborðinu virðist allt vera með felldu líkt og hjá Sjálfstæðisfloknum, en undir niðri meðal almennra félagsmanna kurrar óánægja og andstaða. Forysta AB hafnar því að nokkur verulegur ágreiningur sé í flokknum. Hún reynir að fela erindrekstur sinn fyrir auðvaldið með því að skírskota stöðugt til "hins slæma hags þjóðarbúsins" og fær þannig þegjandi "samkomulag" meðlimanna. Það eru stöðugt fleiri sem sjá að AB er borgaralegur flokkur í starfsháttum sínum og stefnu. Þetta verður stöðugt skýrara eftir því sem styrkur marx-leníníska hreyfingarinnar verður meiri, en í henni sjá allmargir baráttusinnar í AB þegar vettvang fyrir sósíalískt starf og baráttu.

UM HVAÐ ER DEILT ?

Nokkur óánægja spannst út af ríkisstjórnarþátttökunni. Þótti mörgum AB leggja sig fram við að bræða saman björgunarstjórn fyrir auðvaldið. Síðan varð til óánægja vegna þess að AB samþykkti að minnast ekki á brottför hersins og uppsögn NATO-samningsins. Ályktanir sem tóku upp beina andstöðu við þessa afstöðu forystu AB komu frá flokksdeildum bæði á Suður- og Norðurlandi. Á Akureyri mun einn af forystumönnum AB hafa að mestu sagt skilið við flokkinn vegna þessa.

Er ríkisvaldið tók að herða aðför sína að kaupi og kjörum vinnandi fólks með vorinu hófu menn að mótmæla - þótti sumum vangert en öðrum ofgert. Valdalitlir verkalýðsforingjar, t.d. á Norðurlandi ætelja flokkinn fyrir að hafa ekki stöðvað alveg "launaskrið hálaunahópa". AB-menn úr BHM, Farmanna-og fiskimannasambandinu, úr Andófi '79 og meðal mjólkurfræðinga eru að vonum óhressir með árásir AB á þá. Síðan eru margir kjósendur eða fylgismenn flokksins afar óánægðir með kaupránsstefnu og stéttasamvinnu flokksins yfirleitt.

Klofningurinn í deildinni í Kópavogi er loks dæmi um djúpstæðan ágreining um stefnu og starfshætti sem er til innan sumra flokksfélaganna.

VANDI FORYSTUNNAR.

Forysta AB finnur stuðning við sig og flokkinn þverra. Skoðanakannanir dagblaða sína þegar nokkurra % fylgistap. Í þeirri stöðu hneigist forystan til þess að gera lítið úr vandanum og setja upp róttækari svip, jafnvel þótt slíkt leiði til þess að ótal augljósar mótsagnir við sjálfa sig og tækifærisstefnu hennar verði berari. Og það eru "hálaunahópar" sem eru sökudólgarnir með krötum, en ekki atvinnurekendurnir - með þeim er AB í óða önn að bjarga auðvaldskerfinu frá hruni.

Litlir forystukjarnar og klíkur, sem yfirleitt eru algjörlega einangraðar frá fjöldanum, halda uppi starfi flokksins. Þeim tekst í skjóli umræðuleysis og sáralítils starfs að sameina sundurleita hópa í losaralegan kosningaflokk. Í þessu felast bæði kostir og gallar sem forysta AB glímir nú við á bak við tjöldin.

EKKI SITJA OG BÍÐA

Í AB eru margir baráttusinnar sem vilja í einlægni gagnast baráttu verkalýðs og alþýðunnar. Sumir hafa tekið sæti í trúnaðarstöðum.

EIK(m-l) og Verkalýðsblaðið hvetja allt þetta fólk til þess að taka upp baráttu fyrir stefnu stéttabaráttu og sósíalisma innan og/eða utan Alþýðubandalagsins. Flokknum verður ekki breytt í grundvallaratriðum, hvað svo sem margir hafa vonað að svo gæti farið. Hann er ekki gallaður verkalýðsflokkur, heldur borgaralegur þingræðisflokkur sem hefur hafnað marxismanum og stéttabaráttunni hvað sem öllum orðum líður. Tíminn er dýrmætur.

Sumarbúðir

framh. af opnu

hækkana, og að launahækkanir eins hóps þýði að annar verði að svelta.

Á sumarbúðum ætlum við að skoða ástandið í kjaramálum, fletta ofan af fölskum verkalýðsleiðtogum, og móta baráttustefnu gegn kjararáninu.

Seinna efnið sem við hyggjumst ræða er deilur Kína við nágrannaríki sín. Síðustu mánuðir og ár hafa verið viðburðarík í SA-Asíu. Víðsjár hafa magnast á landamærum Kína og Víetnam, sem leiddu til innrásar Kína í Víetnam. Víetnam réðist inn í Kampútseu, og hefur sett þar á fót leppstjórn, en alþýða landsins heyr harða baráttu gegn innrásarliðinu. Þá hafa Víetnamar hernumið Laos. Á sumarbúðum ætlum við að ræða tildrög innrásar Kína í Víetnam, reyna að greina ástandið í Indókína, og að lokum að skoða stöðu Íslands í heiminum.

Í næsta tölublaði Verkalýðsblaðsins munu birtast greinar er snerta þessi efni, og umræðupunktar og ábendingar er varða efnin tvö. Við ætlum að ræða sömu efnin á öllum búðunum, enda þróast þessi mál svo hratt að þeir sem koma á fleiri en einar búðir geta auðveldlega tekið þátt í umræðum sér til gagns.

Við ætlum líka að hafa sérstök umræðuefni fyrir börnin. Sumarbúðanefnd fékk bréf með tillögum um slík efni, og við birtum þær tillögur hér, og biðjum jafnframt um fleiri uupástungur, gagnrýni og ábendingar.

A. Umræðuefni fyrir eldri krakka (10. ára og eldri):
1. Fermingin /HLH-flokkurinn
2. Frelsisbaráttan í Kampútseu

B. Yngri krakkar (7-10 ára):
1. Hvaða munur er á strákum og stelpum?
2. Frelsisbaráttan í Kampútseu

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á
giró 12200-9

ÁBM: ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskrift: kr. 1750
Til útlanda: kr. 5500
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÓÐINSGÖTU 30 Pósthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Samdráttur í skólamálum:

Ragnar Arnalds, einn "sósíalistanna" í ríkisstjórninni, hefur nú gengið fram fyrir skjöldu til þjónkunar við þau öfl, sem heimta niðurskurð og samdrátt og minnkaða þjónustu hins opinbera við almenning. Það sem á að skerða í þetta sinn er kennsla á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Lítum aðeins nánar á, hvar sparnaðarhnífinn á að bera niður.

Bekkjadeildir: 24..25 í bekk

Í samræmi við kröfur tímans og reynslu kennara hefur þróunin hneigst í þá átt að fækka bæri nemendum í bekkjardeildum. Við það aukast gæði kennslunnar og samband kennara og nemenda verður nánara. Sumir skólar eru komnir nokkuð á veg, hvað þetta varðar, með bekkjardeildir allt niður í 20 nemendur, og hefur gefist vel. Þessari þróun skal nú snúið við, að áliti Ragnars Arnalds, 24-25 skulu vera í hverri bekkjardeild. Með því fæst "betri nýting kennslukrafts". Þessi ráðstöfun beinist beint gegn hagsmunum nemenda, sem og gegn hagsmunum kennara, því að stækkun bekkjardeilda merkir fækkun þeirra, og fækkun bekkjardeilda merkir fækkun kennara. Sama gildir um fyrirmæli Ragnars um niðurfellingu kennslu í "fámennum námshópum". Hér er spjótunum beint að valgreinum, sem eðlis síns vegna hljóta alltaf að vera fámennari, a.m.k. ef valið á að vera eitthvað annað en orðin tóm.

Er það stefna menntamálaráðherra að troða í bekkina eins og þessi mynd sýnir?

— Fjölgun í bekkjum — Fækkun kennslustunda

Kennslustundum fækkað um 1..2

Það mun almennt viðurkennt, að vinnuálag á börnum í grunnskólum sé of mikið. Að því leyti gæti fækkun kennslustunda verið jákvæð, ef henni fylgdi minnkun námsefnis. En um það er ekki að ræða í þessu tilviki. Kennurum er gert að fara yfir sama námsefnið á styttri tíma. Fækkun kennslustunda á þennan hátt merkir því ekkert annað en viðbót við heimavinnu nemenda og þar með aukið álag á foreldrum, og vaxandi kapphlaup við tímann í kennslunni, og að sjálfsögðu fækkun kennara.

Aðrar skerðingar

Auk þessara tveggja meginatriða koma ýmis fleiri atriði inn, sem öll miða að skerðingu á þjónustu skólanna við nemendur og eru ársásir á kjör kennara. Eru menn þó vart öfundsverðir af mánaðarlaunum kennara, sem skv. upplýsingum Guðna Jónssonar, starfsmanns Sambands grunnskólakennara, eru nú frá tæpum 280 þús. kr. Meðalmánaðarlaun munu vera nálægt 310 þús. kr., en allra hæstu laun rúmar 340 þús.kr. Þetta er fyrir lágmarksvinnu, þ.e. 30-32 stunda kennsluskyldu á viku, auk annarra skyldustarfa, s.s. heimavinnu o.fl. samtals 47 vinnustundir. Þar við bætast sumarnámskeið.

Hvaða aðgerða er að vænta?

Við spurðum Guðna Jónsson, hvort sá tími sem valinn væri til að koma með þessar skerðingar væri tilviljum. Hann taldi svo ekki vera. Tíminn væri vafalaust valinn með tilliti til þess að skólum er nú lokið og kennarar dreifðir út um allt. Þetta tímaval væri vafalítið til að gera eins lítið úr málinu og hægt væri.

Aðspurður taldi Guðni, að Samband grunnskólakennara mundi ekki grípa til neinna opinberra mótmælaaðgerða vegna þessara ráðstafana, en mikið yrði unnið að því að "kanna þessi mál", eins og hann orðaði það, og ræða við ráðherra og þingmenn. Taldi hann að á bak við þessar ráðstafanir byggi enginn illur hugur ráðherra menntamála eða ráðuneytis, heldur væri hér um að ræða þrýsting frá öðrum aðilum ríkisstjórnarinnar og Alþingis.

Sé þetta afstaða Sambands grunnskólakennara, þegar ráðist er á kjör félagsmanna þess, verður að mótmæla henni eindregið. Kennarar verða að sýna, að það verður ekki gengið endalaust á rétt þeirra. Það er brýn nauðsyn að halda fundi með kennurum sem víðast til að ræða, hvernig beri að bregðast við þessum ráðstöfunum og brjóta þær á bak aftur. Foreldrafélög og hagsmunafélög nemenda verða einnig að búast til varnar, því að þetta er engu síður ársás á þau en kennara.

„Harkaleg viðbrögð útvarpsráðs komu á óvart" *.. rætt við Sigurð Karlsson í stjórn Félags íslenskra leikara*

Það hefur vakið athygli þeirra sem fylgst hafa með fréttum að undanförnu, að risin er upp allmikil deila milli leikara annars vegar og fjárveitingarvalds og útvarpsráðs hins vegar. Deila þessi varðar magn leikins efnis í útvarpi

framh. á bls. 2

Myndin:

Úr "Skáld-Rósu" eftir Birgi Sigurðsson. T.h. Sigurður Karlsson í hlutverki Ólafs, manns Rósu. T.v. Harald G. Haraldsson í hlutverki Natans. (Mynd: L.R.)

Verkfall er ekki bara að leggja niður vinnu

Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 29. maí s.l. lét Alþýðubandalagið gera bókun sem lauk með þessum orðum: "Ráðherrar Alþýðubandalagsins ítreka nauðsyn þess að gripið verði í taumana, m.a. með setningu bráðbirgðalaga, og komið sé í veg fyrir þá vaxandi mismunun á vinnumarkaði, sem bersýnilega er í uppsiglingu og hlýtur að leiða af sér almennar kjaradeilur á næstu vikum og mánuðum, ef ekkert er að gert." Alþýðubandalagið beitir nú öllum tiltækum kröftum sínum til að koma í veg fyrir almennar kjaradeilur á næstunni. Til að freista þess er flokkurinn, sem fyrir kosningar beitti slagorðinu "Samningana í gildi" óðfús að feta nú í fótspor Geirs-stjórnarinnar, rifta samningum og banna verkföll með bráðabirgðalögum. Megin skýringin á ákafa flokksins í að "vinnufriður" haldist er sú að hann vill verja þá kaupbindingarstefnu sem ríkisstjórnin hefur á stefnuskrá sinni. Til að koma í veg fyrir að launafólk hrindi árásum auðvaldsins verður að hindra baráttu þess, koma í veg fyrir verkföll. Því harðar aðgerðir á borð við verkföll eru beittasta vopnið sem launafólk getur gripið til.

Með samstöðu í verkfalli getur verkafólk þvingað atvinnurekendur til að láta af hendi stærri hluta af gróðanum, sem það hefur sjálft skapað með vinnu sinni.

Þessu gera ráðherrar AB sér fulla grein fyrir. Þess vegna boða þeir "stéttafrið", sem í auðvaldsþjóðfélagi þýðir í raun að ráðandi stétt getur óhindrað ráðist með kjör launafólks í landinu. Vinnandi fólk hafnar þessari stefnu Alþýðubandalagsins. Reynsla verkafólks af verkföllum undanfarna áratugi hefur þó gert ýmsa fráhverfa beitingu verkfallsvopnsins. Margir foringjar launafólks hafa unnið markvisst að því að slæva það vopn. Í allsherjarverkföllum þeim, sem beitt hefur verið, hefur það eitt látið nægja að fólk legði niður vinnu. Virkni verkfallsmanna hefur þannig verið í lágmarki, lýðræði við ákvarðanatöku, bæði í kröfugerð og í sjálfum samningunum, hefur verið nafnið tómt. Verkföllin hafa því breytt launafólk og gert það afhuga baráttunni og þar með veikt baráttustöðu þess. Í þeirri baráttu sem launafólk á nú fram undan er nauðsynlegt að hér verði breyting á. Fyrst og fremst þannig að virkni fjöldans verði tryggð, - fólk láti ekki nægja að leggja aðeins niður vinnu.

Á þann eina hátt getur verkafólk svarað þeim ársásum sem ríkisstjórnin, með Alþýðubandalagið í broddi fylkingar hótar nú vinnandi fólki.